

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/799**

2022/EES/72/21

frá 20. maí 2022

**um leiðréttingu á grísku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB <sup>(1)</sup>, einkum 24. gr. (4. mgr.), 28. gr. (3. mgr.) og 36. gr. (4. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í grísku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 <sup>(2)</sup> er síendurtekin villa, rangt heiti í liðum 6.2.3, 6.2.3.1, 6.2.4 og 6.2.4.1 í I. viðauka, í liðum 6.2.3, 6.2.3.1, 6.2.4 og 6.2.4.1 í A-þætti „Að því er varðar flokka M og N“ í I. hluta II. viðauka, í liðum 6.2.4 og 6.2.4.1 í B-þætti „flokkur O“ í I. hluta II. viðauka, í 33. lið í flokkum M2, M3, N2, N3 í 1. viðbæti við III. viðauka, í 33. lið í ökutækjaflokkum M2, M3, N2 og N3 í 2. hluta fyrirmyndar B í viðbætinum við VIII. viðauka og í 33. lið í ökutækjaflokkum M2, M3, N2 og N3 í 2. hluta fyrirmyndar C2 í viðbætinum við VIII. viðauka sem breytir merkingu þessara ákvæða.
- 2) Því ætti að leiðrétta grísku útgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki (TCMV).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 143, 23.5.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 151, 14.6. 2018, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 frá 15. apríl 2020 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjttíð. ESB L 163, 26.5.2020, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---